

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2018.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Veturliða Þór Stefánsson frá utanríkisráðuneyti og Jóhann Guðmundsson og Baldur P. Erlingsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2018 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 26. júní og 22. nóvember sl.

Samningurinn kveður á um heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2018. Þá gerir samningurinn ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2018. Þá eru íslenskum skipum heimilaðar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan færeyskrar lögsögu á árinu 2018.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að á árlegum fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands og sjávarútvegsráðherra Færeyja sem haldinn var í Færeyjum í desember 2017 náðist ekki samkomulag milli aðila um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2018. Samkomulag náðist í janúar 2018. Efni samningsins er frábrugðið fyrri samningum að því leyti að það hámark sem sett er á loðnveiðar Færeyinga, miðað við 5% af heildarloðnukvótanum árið 2018, er 25.000 lestir en var áður 30.000. Þá er skipum sem heimilt er að vera við kolmunnaveiðar samtímis í lögsögu Færeyja fjölgað úr 12 skipum í 15. Loks var samþykkt að hefja vinnu við að breyta fyrirkomulagi samningaviðræðna með það að markmiði að gera rammisamning til lengri tíma.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að fyrirkomulagi samningaviðræðna verði komið í fastari skorður svo tryggja megi hagsmuni Íslands til lengri tíma.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 12. desember 2018.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Ásgerður K. Gylfadóttir.
form., frsm.

Björn Leví Gunnarsson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Logi Einarsson.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir.

Una María Óskarsdóttir.

Þorsteinn Víglundsson.

